

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HERJÓLFS OHF. fyrir árið 2024

Aðalfundur Herjólfs ohf. haldinn miðvikudaginn 8. apríl 2025, kl. 17:00, í fundarsal Ráðhúss Vestmannaeyja, Ráðhúströð, Vestmannaeyjum.

Mætt voru:

Páll Scheving, stjórnarformaður Herjólfs, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Rannveig Ísfjörð, Sæunn Magnúsdóttir, Björg Þórðardóttir, Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri Herjólfs, Ása Ingibergsdóttir, fjármálastjóri Herjólfs, Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar, Gísli Stefánsson, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Eyþór Harðarson, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Guðbjörg Ríkharðsdóttir, fulltrúi KPMG, Tryggvi Már Sæmundsson, fulltrúi fjölmiðils, Jóhann Pétursson, lögmaður og Drífa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs.

Fundarstörf

Páll Scheving stjórnarformaður setti fundinn. Stjórnarformaður lagði til að Jóhann Pétursson yrði kjörinn fundarstjóri. Var tillagan samþykkt einróma.

Jóhann Pétursson, fundarstjóri, tók við stjórn fundarins og lagði til að Drífa Gunnarsdóttir yrði kosin fundarritari. Samþykkti fundurinn það án athugasemda.

Fundarstjóri greindi frá því að boðað hefði verið til fundarins skv. 3. tl. samþykktu félagsins eftir að hafa kynnt sér gögn um boðunina og fundurinn væri því lögmætur. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár. Fundarstjóri upplýsti um að orðið yrði gefið laust um bæði skýrslu stjórnarformanns og ársreikning að loknum kynningum á báðum skýrslum.

Stjórnarformaður félagsins flutti skýrslu stjórnarformanns um starfsemi félagsins.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri stjórnarformanni félagsins fyrir kynninguna.



2. Ársreikningur

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.

Guðbjörg Ríkharðsdóttir, fulltrúi KPMG kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Að kynningunni lokinni þakkaði fundarstjóri fulltrúa KPMG fyrir kynninguna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og sagði að samkvæmt ársreikningi gengi reksturinn vel og margir jákvæðir þættir kæmu fram í skýrslunni, þ.m.t. þjónustuaukningin sem kemur í í formi áttundu ferðarinnar. Hluthafi sagði upplýsingaflæði frá félaginu gott til eiganda sem er mikilvægt.

Hluthafi færði jafnframt stjórn og starfsfólki Herjólfss þakkir fyrir síðastliðið starfsár.

Þá kvaddi stjórnarformaður Herjólfss sér hljóðs og sagði áttundu ferðina sl. sumar hafa verið krefjandi verkefni og veðrið haft þar sín áhrif. Ætlunin sé að sjá hvernig þetta fyrirkomulag kemur út á þessu ári en mikilvægt sé að fara sér hægt þar sem þetta er kostnaðarfrekt verkefni.

Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslu stjórnarformanns og ársreikning 2024.

Fundarstjóri lagði ársreikninginn fram til samþykktar og var hann samþykktur án athugasemda.

3. Starfskjarastefna stjórnar

Starfskjarastefna stjórnar kynnt og tekin til samþykktar.

Fundarstjóri kynnti skýrslu um starfskjarastefnu Herjólfss ohf. Samþykkt var starfskjarastefna á aðalfundi félagsins árið 2020 og engar tillögur um breytingar bárust fyrir þennan aðalfund. Starfskjarastefna Herjólfss ohf. er því óbreytt milli ára.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þennan þátt dagskrár, en enginn tók til máls.

Óbreytt starfskjarastefna samþykkt af hálfu hluthafa.

4. Þóknun stjórnarmanna

Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Fyrir liggur tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2025 verði eftirfarandi:

Stjórnarformaður – 148.300 kr. á mánuði

Aðalmenn í stjórn – 74.147 kr. á mánuði

Varamenn í stjórn – 34.222 kr. á mánuði

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

DG
Y

5. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps

Tekin ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu. Stjórn Herjólfss ohf. leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu, en að öðru leyti er vísað til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Tillagan var samþykkt án athugasemda.

6. Breytingar á samþykktum félagsins

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum félagsins.

7. Kosning stjórnar

Samkvæmt 42. gr. samþykktar um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020, skipar bæjarstjórn aðal- og varamenn skv. samþykktum Herjólfss ohf.

Fyrir liggur tilnefning eftirtaldra einstaklinga í stjórn Herjólfss ohf. fyrir þetta starfsár:

Aðalmenn

Pál Scheving, formann
Rannveigu Ísfjörð
Sigurberg Ármannsson
Helgu Kristínu Kolbeins
Björgu Þórðardóttur

Varamenn

Sæunni Magnúsdóttur
Einar Gunnarsson

Skipan stjórnar var borin upp til atkvæða og var samþykkt einróma.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félagsins, kvaddi sér hljóðs og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru. Einnig þakkaði bæjarstjóri Guðlaugi Friðþórssyni og Agnesi Einarsdóttur, fráfarandi stjórnarfólki, fyrir vel unnin störf í stjórn Herjólfss.



8. Kosning endurskoðenda

Tillaga barst frá stjórn um að KPMG, Borgartúni 27, Reykjavík, verði endurkjörið sem endurskoðendafyrirtæki félagsins og var tillagan samþykkt einróma.

9. Önnur mál

Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar. Engin slík mál bárust.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Formaður stjórnar þakkaði Guðlaugi Friðþórssyni og Agnesi Einarsdóttur, fráfarandi stjórnarfólki, fyrir gott samstarf.

Bæjarstjóri, sem hluthafi félags, þakkaði Guðlaugi og Agnesi einnig fyrir gott samstarf og óskaði Björgu Þórðardóttur og Einari Gunnarsyni, nýju stjórnarfólki í stjórn Herjólfis, til hamingju með kjörið.

Framkvæmdastjóri fyrir yfir þá nýbreytni sem ráðist var í síðasta sumar að sigla átta ferðir á dag. Þó breytingin hafi ekki skilað fleiri ferðamönnum skilaði þetta sér í bættri þjónustu sem sást meðal annars á því að biðlistar voru í mun færri ferðir en árinu á undan.

Einnig fór framkvæmdastjóri yfir fyrirhugaða slíptöku í haust, þar sem stærstu verkefni verða heilmálun skipsin og upptekt á uggum auk annarra viðhaldsverkefna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:39

Fundargerð ritaði Drífa Gunnarsdóttir

Hluthafi felur fundarstjóra og ritara að ganga frá fundargerð til samþykktar og undirritunar.

Fundarstjóri



Fundarritari

